

Frejja Bergsveinsdóttir
Gunnlaugur SE Briem

3A: Ítalíuskrift

3B

Kennsluleiðbeiningar



3A Ítaliúskrift

Fyrri bók af tveimur; hin er 3B



Skrift kennd sem hreyfing

Mikilvægt er að byrja alltaf á fyrstu bókinni. Undirstöðunni má ekki sleppa. Hana geta eldri nemendur tileinkað sér á skömmum tíma. Flestir hafa þroskaðri fínhreyfingar og einhverja undirstöðu í skrift. Einu gildir hvenær þessi hefti eru tekin í notkun eða í hvaða bekk: bækur **1A og 1B eru nauðsynlegt upphaf.**

Gert er ráð fyrir því að kennarar fari yfir allar skriftarsíður á kennsluvefnum vefir.nams.is/italiuskrif áður en þeir nota bækurnar í skólastofu. Í markvissri kennslu er skilningur á undirstöðuatriðum nauðsynlegur.

Til upprifjunar er hér stundum bent á að lesa tiltekna kafla á kennsluvefnum. Í þeim er ítarlegar fjallað um það sem þarfnast leiðbeininga.

Gagnvirkar töflur geta komið sér vel við skriftarkennslu. Bækur í .pdf formi má sækja á kennsluvef.

MARKMIÐ Ítaliúskriftar er að leggja traustan grunn að skrift barnanna. Henni er fylgt fram frá tveimur hliðum. Annars vegar læra þau fastmótað hreyfingakerfi. Hins vegar er útskýrt fyrir þeim hvernig það verður að stöfum.

Litlu stöfunum er skipt í fjölskyldur		
Hver stöf er byggð upp af einum hreyfingakerfi. Hver stöf er byggð upp af einum hreyfingakerfi. Hver stöf er byggð upp af einum hreyfingakerfi.		
Stöfkyldur	adgquy	adgquy adgquy
Stöfkyldur	þþñmhr	þþñmhr þþñmhr
Stöfkyldur	óóææts	óóææts óóææts
Stöfkyldur	ljf	ljf ljf
Stöfkyldur	xvwz	xvwz xvwz

A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N				
a	b	c	d	e	f	g	h	i	j	k	l	m	n				
0	1	2	3	4	5	6	7	8	9								
ó	ó	þ	þ	r	s	t	u	ú	v	w	x	y	ý	z	þ	æ	ö
Ó	Ó	P	Q	R	S	T	U	Ú	V	W	X	Y	Z	Þ	Æ	Ö	

Skyldleiki


Litlu stöfunum er skipt í fjölskyldur. Innan á bókar-kápunni, fremst og aftast, er sýnt hvernig dregið er til hvers stafs.

Einn þáttur

Þessi bók er hluti af kennslugögnum og margreyndri aðferð, eitt skref á leiðinni í átt að fullmótaðri Ítaliúskrift.

Eins og áður er skýringar á henni að finna á fyrstu síðu. Byrjað er á upprifjun. Tvær síður af slaufuæfingum auðvelda mjúkar boglínur. Innan um leturform og fingraefingar eru síður með skemmtiefni. Forskriftin er smærri en í fyrri bókum.

Best er að nemendur sem ekki ná tilskildum árangri spreyti sig á sambærilegum æfingum áður en byrjað er á næstu síðu. Þær má sækja á lénið italiuskrift.com.



Höndin þjálfuð. Blaðsíður 2 og 3

Hér er markmiðið að nemendur geti unnið hiklaust og skilið muninn á hreyfingum handarinnar þegar skrifaðir eru krákustígar, a-belgur og b-belgur.

Á síðu 2 verða krákustígar að stafbelgjum, stöfum og orðum. Á síðu 3 bætast við hringform og bugður sem auðvelda bogalagaða stafi.

Nemendur skrifa ofan í krákustígana. Næst æfa þeir stafbelg a-fjölskyldunnar og skrifa orð sem eru með stöfum úr a-fjölskyldunni. Eftir það fást þeir á sama hátt við stafbelg b-fjölskyldunnar og skrifa stafi og orð úr henni.


Áður en nemendur byrja er rétt að sýna þeim krákustíga og belgi á töflu svo þeir séu betur meðvitaðir um hreyfingarnar. Á henni geta nokkrir í senn farið ofan í krákustíga og stafbelgi.

Á síðu 3 er skrifað ofan í krákustíga sem verða að hringformum og síðan ofan í grænu vefjuna. Eftir það má æfa stafinn ð með því að skoða slóð hans og skrifa ofan í ljósu ð-in.

Skyldleiki bogadregnu stafanna o, c, ð er augljós. Upphaf o og c er það sama. Meginhluti c er endurtekinn í ð. Þá taka við bugðurnar vinstra megin við stafinn f. Ofan í þær á að skrifa. Þær eru gagnlegri fyrir örvhent börn ef þau snúa bókinni rangsælis, fjórðung úr hring.

Næst er komið að stafnum f. Farið er ofan í stafina eftir að slóðin er skoðuð. Að lokum er skrifað ofan í stafina fi og lif neðst á síðunni.

Vefjur og bugður geta börnin skrifað á töfluna eitt og eitt í einu eða nokkur samtímis. Einnig má leyfa þeim að búa þær til á auð blöð, gera skriftina að leik með penslum og þekjulit. Kennarinn þarf auðvitað að fylgjast með að þau vinni verkið rétt.



Stafurinn ð getur verið erfiður mörgum nemendum. Farið því rækilega yfir slóð hans á töflu.

Reglur um þverstrikaðan yfirlegg hans eru ekki naglfastar. Oft gefst þó vel að hafa í huga kross ofan við stafinn o.

Sjá kaflana

- **Undirstaða**
- **Pennagrip**
- **Skrift með vinstri hendi**
- **Hvað dugir við skrifkrampa**
- **Úr krákustig í skrift, Lágstafir / Litlir stafir**
- **o-fjölskyldan**

Kennsluleiðbeiningar
eru á kennsluvef
Námshjálparstofnunar:
<vefir.nams.is/italiuskrift>
Viðbótarefni er hægt
að nálgast á léninu
<italiuskrift.com>



Sum börn keppast við að ljúka æfingum eins fljótt og þau geta. Þau læra lítið af því. Í hverjum skrifartíma þarf að minna bekkinn á að flýta sér ekki, stundum oftast en einu sinni.

Áður en skrifað er í bókina má ljósrita upp úr henni eftir þörfum handa nemendum sem hafa gagn af að spreyta sig á sömu blaðsíðunni oftast en einu sinni.

Margir sem þetta reyna binda metnað við bókina og vanda sig þeim mun meira.

a- og b-fjölskyldur. Blaðsíður 4 og 5


Krákustígar eru undirstaða skriftarinnar og hreyfinganna sem hana mynda. Þeir halda jöfnum takti og stafabilum, halla og stærð. Yfir- og undirleggir myndast þegar teyggt er úr sumum dráttunum. Með þeim láréttu er kominn stafarammi. Með því að skrifa ofan í strikin og mýkja formin erum við farin að skrifa.

Börnin spora efstu krákustígana með fingri, gjarna nokkrum sinnum. Næst spora þau stafina úr a-fjölskyldunni á krákustígum í línunni fyrir neðan. Sérstaklega eiga þau að gefa gaum snúningnum í stöfunum a, d, g, q. Að þessu loknu má ganga skipulega til verks.

Þau skrifa ofan í ljósu stafina. Í auðu bilunum milli þeirra eru þeir endurteknir með byrjunarpunkta til stuðnings. (Í það fyrsta fara þrjú tengd a.) Þeir sýna upphaf fyrsta stafs í orði og fyrsta stafs eftir að blýanti er lyft.

Í upphafi er rétt að kennari fari yfir slóðir a-fjölskyldunnar með börnunum, að ógleymdum snúningnum sem lokar belgjum þegar tengt er í stafina a, d, g, q.

Stafurinn d veldur stundum ruglingi. Hann er næstum eins og a. Gæta þarf þess að byrjað sé á belgnum, ekki yfirlegg.




Blaðsíður 5 til 8 eru unnar á sama hátt. Þá þarf að fara vandlega yfir slóðir b-fjölskyldunnar, ekki síst snúninginn sem lokar belgjum stafanna b, p, þ.

Tengingu úr stafnum r þarf yfirleitt að skýra sérstaklega. Henni má líkja við öldu (hengirúm, krók). Þar að auki þarf skáinn upp á við að vera nærri stafleggnum. Annars getur stafurinn lítið út eins og v. Þess má geta í leiðinni að tenging úr v er ekki boglína.

Þegar leggur stafsins r hefur verið skrifaður má skáinn upp á við ekki sveigja til hægri fyrr en komið er hálf leið upp að miðlinu. Annars er hægt að taka hann í misgripum fyrir v.

Sjá betur kaflann *Úr krákustíg í skrift, Lágstafir / Litlir stafir*



o- og l-fjölskyldur. Blaðsíður 6 og 7

Grundvöllur Ítaliuskriftar er krákustigur úr beinum strikum. Hér er sýnt hvernig hann mótar hlutföll bogadreginna og bugðóttra stafa, bæði hæð og breidd.

Áður en nemendur byrja æfinguna er nauðsyn að útskýra stafina, einkum slóðir hvers og eins. Einnig er þarft að benda á hvernig tengt er í þá og úr. Ekki síst á það við stafinn e.


Á blaðsíðu 3 var stafurinn ð útskýrður. Hér má minna á að ekki er tengt úr belgnum. (Ekki þarf þó að leggja bann við tengingu úr þverstrikinu í yfirlegg á næsta staf.)

Við fyrstu sýn er l-fjölskyldan auðveld og sjálfsegð. Í henni er þó aðgátar þörf. Grunnlinan ein veitir stöfunum f og j lítinn stuðning. Á óstrikuðu blaði er erfitt að byrja línu á þeim og halda linubili, jafnvel fyrir vana skrifara. Þá er gildi hjálparlína ótvírætt.

Eins og áður er nauðsyn að kynna stafina, útskýra hvern og einn þeirra og benda á hvernig tengt er í stafina og úr þeim. Það er mjög mismunandi. Tengt er úr þverstrikinu á stafnum f, eins og úr stafnum t. Ekki er tengt úr stafnum j, fremur en stöfunum ð, g, q og y.


Stafurinn f má aldrei minna á teygðan stafinn s með þverstriki. Það er tíður galli. Þegar vel er gert sveigist yfirleggurinn til hægri og undirleggurinn til vinstri. En megindrátturinn á að vera þráðbeinn.

Þegar tveir stafir með þverstrikum eru skrifaðir hlið við hlið, til dæmis í orðunum „oft“ og „kaffi“, má draga þverstrik í einu lagi gegnum þá báða og tengja í næsta staf á eftir.




Efst og rangsælis

Stafurinn o byrjar ofarlega og er skrifaður til vinstri, eins og aðrir stafir sem eru svipaðir honum í lögun.



Þegar tengt er í stafinn f er byrjað á efri boganum og farið frá vinstri til hægri. Við byrjunarpunkt nemur drátturinn staðar og fer sömu leið til baka. Þetta köllum við snúning.






Ef ekki er tengt í stafinn f byrjar hann efst til hægri.



Úr tvöföldu f má tengja með einu þverstriki.

<vefir.nams.is/italiuskrift>
<italiuskrift.com>



Röng slóð og misskilningur

Ef slóðin í efstu línunni þjagast getur stafurinn x orðið að stafnum v, illa skrifuðum. Flýtir er háskalegur.

Í miðlínunni má mislesa stafinn e fyrir stafinn x vegna villandi slóðar.

En rétta slóðin í neðstu línunni, hvort sem stafurinn er vel skrifaður eða illa, myndar einungis stafinn x.

exi

Tengt er í x-ið en ekki úr því.

123 ABC

Tölustafir og hástafir eiga að vera jafnháir.

x-fjölskyldan og tölur. Blaðsíður 8 og 9

Stafir sem byggðir eru á einföldum skástrikum eru auðveldir viðfangs. Auðséð er hvar byrjað er á þeim. Í flestum er slóðin auðveld. Tvo þeirra er þó vissara að minnast á.

Seinni dráttur stafsins x hefst efst til hægri. Tengt er í hann en ekki úr honum.

Stafurinn w er augljóslega tvískrifað v. Til þess að mynda smekklegt jafnvægi í honum þurfa helmingarnir að hallast lítillega hvor að öðrum.

Áður en nemendur vinna þessa blaðsíðu þarf kennari að minna á hvar byrjað er. Öll börnin þurfa að átta sig á slóð stafsins x.



Nemendurnir eiga að skrifa ofan í ljósu tölustafina. Í auðu bilunum milli þeirra eru þeir endurteknir með byrjunarpunkta til stuðnings. Gæta þarf þess að byrja á réttum stað, sérstaklega töluna 5.

Í neðstu línunni eru byrjunarpunktar. Á hana skrifa nemendur sömu tölur og í línunum tveimur fyrir ofan.

Aftarlega í kafla 6 „Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir“ er nánar gerð grein fyrir tölum.

Nauðsynlegt er eins og áður að kennari leiðbeini nemendum um rétt pennagrip.

Til dæmis getur kennarinn fyrst gert það að leik að börnin haldi of fast um skriffærið svo þau finni hvernig handleggurinn stífnar. Eftir það getur hann rifjað upp með þeim rétt frumgrip.



Bls. 10 og 11 Einföld slaufa og tvöföld

Æfingar sem gerðar eru með öllum handleggnum temja börnunum mjúkar, hnykkjalausar boglinur. Samhæfing handar og augna í þessari æfingu er nokkuð frábrugðin þeirri sem beitt er við venjulegar skriftarhreyfingar fingra og úlnliðs.

Skrift á óstrikuðu blaði hættir til að fara stefnulaust leiðar sinnar. Ekki dugir að horfa á það eitt sem verið er að skrifa. Við þurfum að hafa alla síðuna í huga og jafnvel ímynda okkur línur á henni. Er línun að fara út um þúfur? Þá þarf að hnika henni aftur í rétt horf. Þetta þarf að útskýra fyrir börnunum áður en æfingin er gerð og blaðsíðan unnin.

Á blaðsíðu 10 á að skrifa einfalda slaufu. Nemandinn byrjar á því að spora þá rauðu efst á blaðinu nokkrum sinnum með fingri án þess að nema staðar, ekki síst þá fullgerðu lengst til hægri. Þannig áttar hann sig á þeirri slóð sem penninn þarf að fara.

Að því loknu skrifar hann hægt og rólega ofan í ljósgulu slaufurnar með því að hreyfa allan handlegginn.



Á blaðsíðu 11 er tvöföld slaufa, dálítið erfiðari en sú einfalda. Báðar eru æfðar á sama hátt: fyrst sporað, síðan skrifað. Byrjendum hugsast sjaldan að hafa tígulinn í miðju svo stóran að fjórar línur komist fyrir í honum í seinni umferðinni. Á þetta getur kennarinn bent.

Ábendingar

Hreinar boglinur í slaufu auðvelda börnunum að gera bogadregna stafi. Áður en unnið er í bókina er hægt að gera ýmsar skemmtilegar æfingar.

Hér eru fjórar uppástungur um slaufur.

- Mála þær á blað með pensli og lit.
- Skrifu þær á blað með mismunandi litum.
- Mála slaufur með vatni á krittartöflu.
- Mála og þekja A3 blað með þekjulit eða annarri málningu. Fara svo með fingur ofan í litinn og móta slaufu í hann margsinnis.



Forskriftarblöð í mismunandi leturstærðum eru á italiuskrift.com.

Þar eru einnig línustrikuð blöð með línutáknum og án þeirra. Þau má prenta út og ljósrita til nota í skólaverkefnum.

Markmið skriftarnámsins er að nemandinn þjálfist í skrift sem nýtist honum vel í skólastarfinu og í daglegu lífi síðar meir.

Grunnurinn þarf að vera traustur til þess að byggja megi á honum. Forskriftnin í bókunum er undirstaða. Ítalíuskriftnin býður marga valkosti í þróun á fallettri rithönd.

Með því að hafa gát á nemendum og leiðbeina þeim má afstýra að þeir venjist á rangar aðferðir.

Mikilvægt er að þeir keppist ekki við klukkuna og æfi sig í ró og næði. Best er að námið sé til ánægju og skemmtunar. Æfingin skapar meistarann.



Munið alltaf eftir að hrósa barninu. (Rannsóknir gefa til kynna að lof fyrir iðjusemi dugi betur en fyrir hæfileika.)

Skemmtiefni og almennir textar. Blaðsíður 12 og 13
Hér spreyta nemendurnir sig á löngum texta. Fyrst skrifa þeir ofan í hann í efstu línunni, sumir oftast en einu sinni ef á þarf að halda. Að því loknu er hann skrifaður aftur í línuna fyrir neðan. Þannig er farið að niður alla síðuna.

Sem oftast eru byrjunarpunktur til halds og trausts. Seinna verður þeim sleppt. Þeir eru færri þar sem skrifað er ofan í: ekki er hægt að ætlast til þess að öll börn fylgi forskriftinni nákvæmlega. Hjá sumum þeirra eru stafirnir gleiðir, þröngir hjá öðrum.

Leiðbeiningar fyrir þessa síðu eiga líka við blaðsíður 14, 16–18, 20–22, 24–26 og 28–29.

Sum börn keppast við að ljúka æfingum eins fljótt og þau geta. Þau læra lítið af því. Í hverjum skriftartíma þarf að minna bekkinn á að flýta sér ekki, stundum oftast en einu sinni.



Broddstafir. Blaðsíður 15 og 19

Heildaryfirbragð skiptir máli. Samræmi í stærð og halla á broddum gefur skriftinni jafna áferð. Í íslensku er þeir hafðir yfir stöfunum miðjum. (Það er ekki algilt; Pólverjar hafa þá lengra til hægri og uppréttari þar að auki.)

Best er að byrja á broddi neðanverðum og draga hann upp á við til hægri. Hallinn ræðst af eðlilegri sveifluhreyfingu hægri handar. Broddar yfir litlu stöfunum eiga allir að byrja í sömu hæð, vera jafn stórir og hallast eins. Það sama á við brodda yfir stóru stöfunum.

Hjálparlínur eru til gagns þegar nemendur æfa að skrifa broddstafi og koma broddunum á réttan stað.

Í lykjkjuskraft tíðkast að bæta við broddum og deplum í lok orða. Mörgum þykir betra að gera það jafnóðum í Ítaliuskraft. Penna er lyft oftar, til dæmis eftir undirlegg og milli fyrri og seinni dráttar í stöfunum e og f.

Þegar hingað er komið ætti börnunum að vera orðið tamt að tala um broddstafi og brodd yfir staf. Ef til vill veitir þó ekki af að minna þau á að broddur er hljóðtákn og komma greinarmerki.

Traustur grunnur

Í fullmótaðri rithönd fer lögun stafanna eftir smekk einstaklinga og hversu mikið þeim liggur á. Búast má við að deplar og broddar riðlist. Hlutverk kennslunnar er að fólk hafi tök á læsilegri skrift, hvort sem það notar sér þá kunnáttu eða ekki.



Með því að hafa gát á nemendum og leiðbeina þeim má afstýra að þeir venjist á rangar aðferðir.

Róleg tónlist án söngs getur myndað þægilegar aðstæður.

Ekki er heppilegt að lesa sögur fyrir börnin meðan þau vinna. Þær geta truflað athygli og einbeitingu sem annars beinist að skriftinni.

Mikilvægt er að þau keppist ekki við klukkuna og æfi sig í ró og næði. Best er að námið sé til ánægju og skemmtunar.

Munið eftir að hrósa barninu þegar vel gengur.



Forskriftarblöð í mismunandi leturstærðum eru á italiuskrift.com.

Þar eru einnig línustrikuð blöð með línutáknum og án þeirra. Þau má prenta út og ljósrita til nota í skólaverkefnum.

Mörgum reynist erfitt að semja sögu og koma henni á blað í einni lotu. Kennarar geta ljósritað síður og leyft þeim að æfa sig áður en skrifað er í bókina.

Munið alltaf eftir að hrósa barninu. (Rannsóknir gefa til kynna að lof fyrir iðjusemi dugi betur en fyrir hæfileika.)

Er þörf á frekari skýringum?
Hafið endilega samband:
postur@italiuskrift.com

Við reynum að svara eftir bestu getu.

Freyja og Gunnlaugur
italiuskrift.com

Deplastafir. Blaðsíður 23 og 27

Eins og áður er getið eru depill og tvídepill hjóðtákn. Punktur og tvípunktur eru greinarmerki. Á þeim þarf að gera greinarmun í kennslu. Síður er hætta á að börnin ruglist á hugtökunum ef þau eru útskýrð í upphafi.



Sum börn setja depil fyrir ofan stóru stafina I og J. Þar á hann ekki heima. Tvídeplar eru hins vegar á stöfunum ö og Ö. (I með depli þjónar tilgangi í Tyrklandi, Aserbaidsjan, Kasakstan og í þeim bókum Tatara sem nota latneska stafrófið – ekki í íslensku.)

Í íslensku eru broddar ekki skrifaðir í stað tvídepla. (Ungverjar gera með þeim greinarmun á löngum sérhljóðum og stuttum. Flestir Danir skrifa ó í stað prentstafsins ø. Þar sem ó er þegar hluti af stafrófi Færeyinga nota þeir oft ö fyrir ø.)

Deplar og broddar eiga að vera í hæfilegri fjarlægð frá stöfum, hvorki of nálægt né of langt frá þeim. Hér má taka mið af línunum og línutáknum til þess að átta sig á því. Almenn smekkvísi skiptir meira máli en fastmótaðar reglur.

Á blaðsíðu 23 skrifar nemandinn ofan í stafina. Á blaðsíðu 27 skrifar hann ofan í ljósu stafina og skrifar þá aftur í bilið á eftir þeim.

Sjá enn fremur *Smælki* síðast í kaflanum
Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir.



Eigin saga um mynd. Blaðsíður 30, 31 og 32

Sum börn reiða sig meira á forskrift en önnur. Texti án hennar sýnir hversu mikið af kennslunni börnin hafa tileinkað sér.

Á síðunum 30, 31 og 32 eru stuttar sögur skrifaðar um myndir. Áður en gengið er til verks getur kennari hjálpað börnunum með umræðu að ýta ímyndunaraflinu úr vör. Hvað hafa filar með kaffinu? Hverjum bjóða þeir í samsæti? Um hvaða þrjú álitamál þrætta vélmenni sín á milli? Hvert er háskalegt að berast með loftbelg? Er vissara að taka með sér samlokur?

Ekkert er því til fyrirstöðu að fást við sumar eða allar þessar bláðsíður áður en lokið er við skrályturnar á undan þeim. Það á vel við getu sumra nemenda, annarra ekki.

Þegar þeir vinna án forskriftar þarf að minnast á lögum og stærð stafanna, halla þeirra og tengingu. Eins stafabil og orðabil.

Flest börn sem ljúka þessari bók kunna að setja kommur og punkta, brodda og depla á rétta staði. Þau eiga að geta skrifað sögur með stuttum og löngum setningum.

Kennari þarf að fylgjast vel með hvernig börnin fara að. Þeim sem mistekst þarf að hjálpa strax svo þeir venjast ekki á rangar aðferðir.

Með því að hafa gát á börnum og leiðbeina þeim má afstýra að þau venjast á rangar aðferðir. Mikilvægt er að þau keppist ekki við klukkuna og æfi sig í ró og næði.

Mörgum reynist erfitt að semja sögu og koma henni á blað í einni lotu. Kennarar geta ljósritað síður og leyft þeim að æfa sig áður en skrifað er í bókina.

Eins geta kennarar prentað út sambærilega síðu án myndar frá <italiuskrift.com>. Þá geta börnin líka teiknað mynd við eigin sögu.

Hægt er að nálgast fleiri byrjunaræfingar og matsblað, sem kennarar geta haft til hliðsjónar þegar þeir fara yfir skrift: <italiuskrift.com>

<vefir.nams.is/italiuskrift>
<italiuskrift.com>

3B Ítaliúskrift

Seinni bók af tveimur; hin er 3A



Skrift kennd sem hreyfing

Mikilvægt er að byrja alltaf á fyrstu bókinni. Undirstöðunni má ekki sleppa. Hana geta eldri nemendur tileinkað sér á skömmum tíma. Flestir hafa þroskaðri fínhreyfingar og einhverja undirstöðu í skrift. Einu gildir hvenær þessi hefti eru tekin í notkun eða í hvaða bekk: **bækur 1A og 1B eru nauðsynlegt upphaf.**

Gert er ráð fyrir því að kennarar fari yfir allar skriftarsíður á kennsluvefnum vefir.nams.is/italiuskrif áður en þeir nota bækurnar í skólastofu. Í markvissri kennslu er skilningur á undirstöðuatriðum nauðsynlegur.

Til upprifjunar er hér stundum bent á að lesa tiltekna kafla á kennsluvefnum. Í þeim er ítarlegar fjallað um það sem þarfnast leiðbeininga.

Gagnvirkar töflur geta komið sér vel við skriftarkennslu. Bækur í .pdf formi má sækja á kennsluvef.

MARKMIÐ Ítaliúskriftar er að leggja traustan grunn að skrift barnanna. Henni er fylgt fram frá tveimur hliðum. Annars vegar læra þau fastmótað hreyfingakerfi. Hins vegar er útskýrt fyrir þeim hvernig það verður að stöfum.

Listin sýnir hvernig er skipt í fjölskyldur			
→ fjölskyldan	aággqny	adgwy	adgwy
→ fjölskyldan	þþnnmhr	þþnnmhr	þþnnmhr
→ fjölskyldan	óóðeets	óóðeets	óóðeets
→ fjölskyldan	ljff	ljff	ljff
→ fjölskyldan	xvwz	xvwz	xvwz

A	A	B	C	D	E	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N
a	a	b	c	d	e	e	f	g	h	i	j	k	l	m	n
0	1	2	3	4	5	6	7	8	9						
o	o	p	q	r	s	t	u	v	w	x	y	ý	þ	æ	ö
O	O	P	Q	R	S	T	U	V	W	X	Y	Z	Þ	Æ	Ö



Skyldleiki

Litlu stafirnir skiptast í fjölskyldur. Innan á bókar-kápunni, fremst og aftast, er sýnt hvernig dregið er til hvers stafs.

Blandað efni

Þessi bók er beint framhald af 3A. Í henni er byrjað á upprifjun og einstaka stafir æðir sérstaklega. Fingraæfingum og skilningsatriðum fylgja skrátlur og skemmtiefni. Innan um eru flúrsíður sem styrkja boglinur og þjálfu allan handlegginn. Á fjórum síðum semja börnin sögubrot án forskriftar.

Best er að nemendur sem ekki ná tilskildum árangri spreyti sig á sambærilegum æfingum áður en byrjað er á næstu síðu. Þær má sækja á lénið italiuskrift.com.



Upprifjun og æfingar: sama hreyfing. Blaðsíður 2 og 3
Hver stafur sem lærist er gagnlegur við að temja sér hina. Gott er að æfa saman stafi með sameiginlega drætti og sömu skriftarhreyfingu.

Undirleggir g, y, f og j eru svipaðir. Mismuninn þarf að útskýra. Stafirnir g og y eru breiðastir. Undirleggir þeirra teygja sig lengst til vinstri. Á stafnum f er vinstri bugðan styttri og enn styttri á j, sem er grennstur þeirra.

Svona er fallegur undirleggur skrifaður. Þegar blýanturinn er nærri undirlínu er beygt dálítið til vinstri þangað til að henni er komið. Þá er beygt upp á við og haldið áfram til vinstri. Að lokum er numið staðar og blýantinum lyft. Byrjendur eiga ekki að tengja úr undirleggjum.

Rétt er að kennari sýni þetta á töflu og útskýri mun á undirleggjum breiðra og grannra stafa.

Nemendur skrifa ofan í ljósu stafina. Næst mynda þeir stafina g, y, f og j á neðri hluta síðunnar með því að tengja tölusetta depla. Að lokum skrifa þeir ofan í setninguna.

Við verkið má nota tréliti eða blýant.

Á blaðsíðu 3 í bókinni er a-fjölskyldan með broddstöfunum og hástöfunum rifjuð upp og æfð.

Börnin skrifa ofan í ljósu stafina. Í bilum á eftir þeim eru þeir endurteknir frá byrjunarpunktum. Að lokum skrifa þau ofan í setninguna í neðstu línunni.

Blaðsíður 5, 7, 10, 11 og 13 eru unnar á sama hátt.

Gott er að byrja skriftartíma á að rifja upp hvernig haldið er á skriffæri. Það er fljótlegt.

Börnin þurfa að gera sér ljóst að rangt grip veldur oft skrifkrampa sem getur háð þeim alla ævi.


Sjá nánar kaflana **Pennagrip, Skrift með vinstri hendi og Skrifkrampi**.

Leikur

Börnin geta klippt út þríhyrninga úr pappa, limt þá á pappa og æft slóðir stafanna g og y með því að spora þær með fingri.

Leggið okkur lið. Við skulum skiptast á skemmtilegum hugmyndum. Sendið okkur ábendingar til postur@italiuskrift.com Við setjum þær á vefinn.

Kennsluleiðbeiningar eru á kennsluvef Námsgagnastofnunar: vefir.nams.is/italiuskrift Viðbótarefni er hægt að nálgast á léninu italiuskrift.com



h k

hr kr

Stafabil eru jafnari ef tenging úr stafnum k er oddmyndaðri en tíðkast um aðra svipaða stafi.

Sjá kaflana

- *b-fjölskyldan*
- *Úr krákustig í skrift, lágstafir / litlir stafir*
- *Úr frumformum í skrift Hástafir / Stórir stafir*

Endurtekning

Áður en skrifað er í bókina má ljósrita upp úr henni eftir þörfum handa nemendum sem hafa gagn af að spreyta sig á sömu blaðsíðunni oftast en einu sinni.

Margir sem þetta reyna binda metnað við bókina og vanda sig þeim mun meira.

Upprifjun og æfingar á h og k. Blaðsíður 4 og 5

Fyrir réttthenta er erfiðasta skriftarhreyfingin niður á við og til hægri, eins og í stöfunum k og x. Nemendur þurfa rúman tíma til þess að temja sér hana. Sumum þeirra er gagnlegt að hugsa sér að stafurinn k sé stafurinn h með niðþröngt belti.



Gott að hafa ferning í huga þegar stafurinn H er skrifaður til þess að hann verði ekki of þröngur. Þverstrikið er dregið síðast, rétt fyrir ofan miðju. Stóra K byrjar á vinstri legg sem dreginn er niður á við frá hástafalínu. Þegar efri skáinn er skrifaður er gott að miða á fyrri legginn, rétt fyrir ofan miðju. Þaðan er neðri skáinn dreginn niður að grunnlínu án þess að lyfta blýantinum.

Hér spora nemendur fyrst og skrifa síðan ofan í ljósu stafina. Eftir það gera þeir stafina h og k á neðri hluta síðunnar með því að tengja tölusetta depla. Að lokum skrifa þeir ofan í setninguna.

Nota má tréliti eða blýant.

Á blaðsíðu 5 er b-fjölskyldan, ásamt hástöfum sem þeim fylgja, rifjuð upp og æfð eins og á blaðsíðu 3. Stafaslóðir hafa börnin til hliðsjónar efst á síðunni. Kennari þarf að ganga á milli borða og fullvissa sig um að börnin kunni réttar slóðir. Þegar skriftarblöð eru skoðuð eftir á sést það ekki alltaf. Blýanturinn þarf að byrja hvern staf og enda á réttum stað og hann þarf að komast rétta leið milli þeirra. Misskilning þarf að leiðrétta strax.

Munið alltaf eftir að hrósa barninu. (Rannsóknir gefa til kynna að lof fyrir iðjusemi dugi betur en fyrir hæfileika.)



Upprifjun og æfingar á d og ð. Blaðsíður 6 og 7

Litlu stafirnir d og ð geta vafist fyrir nemendum. Þeim er oft ruglað saman þótt ólíkir séu. Tengt er úr d en aldrei úr ð. Stafurinn d er alveg eins og a með yfirlegg. Lögum belgsins gerir hann að hluta a-fjölskyldunnar.

Stafurinn ð á heima í o-fjölskyldunni, bæði að hreyfingu og lögum. Til þess að læra hann gefst mörgum vel að hafa í huga x eða rangan kross (sem við notum til þess að krossa yfir eitthvað) fyrir ofan stafinn o. Eflaust geta hugmyndarikir kennarar samið skemmtilegar sögur um krossinn fyrir ofan o-ið til þess að hjálpa börnunum við námið.

Stöfunum er það sameiginlegt að byrjað er að draga til þeirra á sama stað, rétt fyrir neðan miðlínu. Á það þarf að minna. Mörgum nemendum hættir til að byrja þá á röngum stað.

Þverstrikið á Ð er eini munurinn á stóru stöfunum D og Ð.

Utan Íslands er stafurinn ð notaður í færeysku og elfdalsmáli (s: elfdalian) sem ýmist er talin sænsk mállyska eða sjálfstætt tungumál. Um 1980 voru hann og stafurinn þ teknir upp í konungsríkinu Talossan <en.wikipedia.org/wiki/Talossan>.

Nemendur vinna blaðsíðu 6 á sama hátt og þeir unnu blaðsíðu 4.

Á blaðsíðu 7 er o-fjölskyldan, ásamt hástöfum sem þeim fylgja, rifjuð upp og æfð eins og fjölskyldur á blaðsíðu 3 og 5.



Stafaslóðir hafa börnin til hliðsjónar efst á síðunni. Kennari þarf að ganga á milli borða og fullvissa sig um að börnin kunni réttar slóðir. Þegar skriftarblöð eru skoðuð eftir á sést það ekki alltaf. Blýanturinn þarf að byrja hvern staf og enda á réttum stað og hann þarf að komast rétta leið milli þeirra. Misskilning þarf að leiðrétta strax.

Kennari þarf að fylgjast vel með hvernig börnin fara að. Þeim sem mistekst þarf að hjálpa strax svo þeir venjist ekki á rangar aðferðir.

Sum börn keppast við að ljúka æfingum eins fljótt og þau geta. Þau læra litið af því. Í hverjum skriftartíma þarf að minna bekkinn á flýta sér ekki, stundum oftast en einu sinni.

Harður blýantur er ekki eins nytsamlegur og mjúkur (2B til 4B). Vankantar sem þarf að lagfæra eru auðfundnir í dökkri skrift. Satt er reyndar að hún getur kámost við snertingu. Stundum er síðan heldur ekki eins áferðarfallæg. En það skiptir minna máli. Tilgangur æfinganna er að læra sem mest á þeim.

<vefir.nams.is/italiuskrift>
<italiuskrift.com>



Jafnvægi

Svona má styðja við skriftarkennslu með leik.

Sumir kennarar líkja stafnum æ við Siamstvíbura. Til þess að útskýra hugtökin jafnvægi og hlutföll fyrir börnunum má láta þau snúa bókum saman tvö og tvö. Þau mynda stafinn Æ með því að krækja saman handleggjum.

Annað barnið í hverju pari beygir sig varlega fram á við (ekki of langt, nóg er um slysfarir samt), síðan hitt. Eftir stundarkorn eru öll látin hætta nema eitt sem sýnir þeim hvað gerist. Þegar staðið er upprétt hafa bæði börnin jafna stöðu. Þegar annað beygir sig fram missir hitt jafnvægið.

Þennan leik má endurtaka sitjandi og líkja eftir litla æ.

Einn stafur veitir öðrum stuðning. Blaðsíða 8

Stafurinn s hefur sérstöðu í leturfjölskyldum, bæði að lögun og hreyfingu. Margir góðir skrifarar hnjóta um hann. Á vandanum er einföld lausn.

Með því að leggja skálinu á stafinn o má spora lauslegt s. Hlutföllin milli efri og neðri helmings verða rétt. Breiddin verður svipuð og á hinum stöfunum. Hallinn verður réttur. Best er að gera æfinguna að leik eins og sýnt er hér til hliðar.

Fyrst eiga nemendurnir að spora ljósu stafina og skrifa síðan ofan í þá. Eftir það gera þeir stafina o og s á neðri hluta síðunnar með því að skrifa milli depla eftir talnarununni. Að lokum skrifa þeir ofan í setninguna.


Nota má tréliti eða blýant.

Samsteypa tveggja stafa. Blaðsíða 9

Við fyrstu sýn átta sum börn sig ekki á stafnum æ. Hægri hliðin á honum mistekst oft. Stundum skrifa þau í staðinn flækju sem þau finna upp sjálf. Ekkert er þó að óttast.

Lítill vandi er að bæta stafnum e við a-belg. Þessi ábending kemur oftast reglu á óreiðuna. Kennari þarf að fara yfir slóðina með nemendum og fylgjast með þegar þeir skrifa stafinn.

Stafurinn Æ má ekki líta út eins og þverstrikum hafi verið bætt á stafinn A. Hann aflagast illilega ef stóra E í honum hallast til vinstri. Eins og annars staðar þurfa hlutföllin að vera rétt.



Rifjað upp og æft. Blaðsíður 10 og 11

Undirleggurinn á litla f teygir sig lengra til vinstri en á litla j. Þess er getið á blaðsíðu 2 og rétt að athuga hvort börnin muna það. Eins má minna á að stóra J situr á grunnlinunni en litla j fer niður að undirlínu.

Áður en þau vinna verkefnið þarf að rifja upp lögunina á stóra F sem er svipað ófullgerðu stóra E, og litla f sem aldrei má minna á teygðan stafinn s með þverstriki.

Á blaðsíðu 11 þarf sérstaklega að minna á slóð stafsins x. Augljóst er hvar hann byrjar. En þegar skrifað er í flýti þjagast hann litið þegar seinni drátturinn byrjar efst hægra megin. Um þetta er fjallað í kaflanum **x-fjölskyldan** í kennsluleiðbeiningum.

Þegar börnin hafa lært stafaslóðina vel sjá þau líka að hægt er að tengja í x en ekki úr því. Eins þarf að gera lögun stafsins w góð skil. Hann er stafurinn v tvískrifaður en til þess að ná réttu jafnvægi þurfa helmingarnir að hallast lítillega hvor að öðrum.

Báðar blaðsíðurnar eru unnar á sama hátt og blaðsíður 3, 5 og 7 í bókinni, sem börnin hafa fengist við nú þegar.



Kennari þarf að ganga á milli borða og fullvissa sig um að börnin kunni réttar slóðir. Þegar skriftarblöð eru skoðuð eftir á sést það ekki alltaf. Blýanturinn þarf að byrja hvern staf og enda á réttum stað og hann þarf að komast rétta leið milli þeirra. Misskilning þarf að leiðrétta strax.

Margs er að gæta.

Nemendur þurfa að halda rétt á skriffærum, byrja og enda hvern staf á réttum stað, byrja hvern brodd á réttum stað og tengja rétt.

Kennarar eru oftast mjög hugmyndaþekkir við að koma námsefninu skemmtilega til skila.

Snilldarbrögð sem bera árangur í einni skólastofu eru líkleg til þess að gera það annars staðar. Við skulum skiptast á. Sendið okkur ábendingar til **postur@italiuskrift.com** Við setjum þær á vefinn.



Endurtekning

Áður en skrifað er í bókina má ljósrita upp úr henni eftir þörfum handa nemendum sem hafa gagn af að spreyta sig á sömu blaðsíðunni oftar en einu sinni.

Margir sem þetta reyna binda metnað við bókina og vanda sig þeim mun meira.

Litla e og t eiga saman. Blaðsíða 12

Stafurinn t er bogadreginn við grunnlínu eins og aðrir í o-fjölskyldunni. Neðri hlutinn er ekki tengi-krókur eins og á stafnum n. Þetta þarf að útskýra fyrir nemendum sem ekki átta sig á því og sleppa þess vegna boglínunni. Þar að auki má benda þeim á lögun stafanna e og t í mörgum gerðum af prentletri. Hér eru þeir bornir saman og æfðir til frekari áréttingar.

Í öðru samhengi hafa þessir stafir verið rifjaðir upp áður. Sjaldan er of mikið gert af því að rifja upp og minna á; það skilar sér.

Þegar dregið er til stafsins t er endað á þverstriki, lítið eitt fyrir neðan miðlínu. Úr því er tengt í næsta staf. Úr stafnum e er tengt frá belgnum.

Hæðin á litla t er ólík öllum öðrum litlum stöfum. Meðal þeirra sem hafa yfirlegg (b d f h k l þ) er hann stundum kallaður unglíngurinn í hópnum. Hann teygir sig upp að hástafalínu, jafn hár og stóra T, en ekki lengra. Segja má að hann sé unglíngur sem er jafn stór fullorðnum. Hástafirnir E og T eiga það sameiginlegt að þeir eru báðir gerðir úr beinum línunum svo að þeir eru frekar auðveldir. Þó þarf að gæta að hlutföllum þeirra og halla.


Eins og áður spora nemendur fyrst og skrifa svo ofan í ljósu stafina. Næst mynda þeir stafina e og t á neðri hluta síðunnar með því að tengja tölusetta depla. Að lokum skrifa þeir ofan í setninguna.

Við verkið má nota tréliti eða blýant.

Tölustafir. Blaðsíða 13

Hér er unnið á sama hátt og annars staðar þar sem fjölskyldur stafanna voru rifjaðar upp.

Eins og áður þarf að rifja upp slóðir með nemendum. Ef misskilningur skýtur upp kollinum þarf að leiðrétta hann strax.



Skemmtiefni og almennir textar. Blaðsíður 14 og 15
Hér kynnst nemendur Bakkabræðrum og óviðjafnanlegum heimskupörum þeirra. Ekki er verra að kennari reki nokkrar sögur af þeim áður en byrjað er að skrifa.

Leiðbeiningar með þessum síðum eiga líka við bladsíður 16 og 17 og síður með skrátlum á eftir þeim.

Hér spreyta nemendurnir sig á löngum texta. Fyrst skrifa þeir ofan í hann í efstu línunni, sumir oftari en einu sinni ef á þarf að halda. Að því loknu er hann skrifaður aftur í línuna fyrir neðan. Þannig er farið að niður alla síðuna.

Sem oftari eru byrjunarpunktur til halds og trausts. Seinna verður þeim sleppt. Þeir eru færri þar sem skrifað er ofan í; ekki er hægt að ætlast til þess að öll börn fylgi forskriftinni nákvæmlega. Hjá sumum þeirra eru stafirnir gleiðir, þröngir hjá öðrum.

Á fjórum síðum sem fylgja geta börnin látið hugmyndaflugið ráða og samið eigin sögur eða skemmtiefni. Texti án forskriftar sýnir hversu mikið af kennslunni þau hafa tileinkað sér.

Þau þurfa að æfa sig í ró og næði. Best er að námið sé til ánægju, skemmtunar þegar við verður komið. Róleg tónlist án söngs getur myndað þægilegar aðstæður. Ekki er heppilegt að lesa sögur fyrir börnin meðan þau vinna. Þær geta truflað athygli og einbeitingu sem annars beinist að skriftinni.


Forskriftarblöð í mismunandi leturstærðum má sækja á italiuskrift.com.

Þar eru líka línustrikuð blöð með eða án táknmynda. Þau má prenta út og síðan ljósrita til nota í skólaverkefnum.

Sum börn keppast við að ljúka æfingum eins fljótt og þau geta. Þau læra lítið af því. Í hverjum skriftartíma þarf að minna bekkinn á að flýta sér ekki, stundum oftari en einu sinni.

Kennari þarf að ganga á milli nemenda og fylgjast vel með hvernig þeir fara að. Þeim sem mistekst þarf að hjálpa strax svo þeir venjist ekki á rangar aðferðir.

Æfingin skapar meistarann.



Fleiri æfingar á boglinum er að finna á síðunum „Kennslugögn“ á léninu <italiuskrift.com>.

Ekkert er því til fyrirstöðu að æfa sig á lausum blöðum áður en skifað er í bókina. Börnin geta til dæmis búið til sínar eigin vefjur. Æfingar geta gert flúr að leik.

Svona má fara að.

- Mála það með pensli og lit á blað.
- Skrifa það á blað með mismundandi litum.
- Koma upp að krittartöflu og mála það með kritt eða vatni.
- Skrifa ofan í flúr úr bókinni á gagnvirkum töflum.
- Mála og þekja A3 blað með þekjulit eða annarri málningu. Fara svo ofan í litinn með fingri og æfa hreyfinguna með því að móta flúr í hann aftur og aftur.

Flúr. Blaðsíður 20 og 21

Hér eru kenndar hreyfingar sem gerðar eru með öllum handleggnum. Þar að auki reynir á samhæfingu handar og augna. Með flúri og slaufum lærast mjúkar, hnykkjalausar boglinur.

Skrift á óstrikuðu blaði hættir til að fara stefnulaust leiðar sinnar. Ekki dugir að horfa á það eitt sem verið er að skrifa. Við þurfum að hafa alla síðuna í huga og jafnvel ímynda okkur línur á henni. Er línan að fara út um þúfur? Þá þarf að hnika henni aftur í rétt horf. Þetta þarf að útskýra fyrir börnunum áður en æfingin er gerð og blaðsíðan unnin.

Fyrst spora nemendurnir flúrlínurnar nokkrum sinnum með fingri, hægt og rólega. Þannig átta þeir sig á þeirri leið sem penninn þarf að fara. Jafnframt læra hendur og handleggir hreyfingarnar sjálfar.

Næst skrifa þeir ofan í. Markmiðið er hrein, hnykkjalaus boglína. Þeir þurfa að vita hvaða leið penninn á að fara og horfa á áfangastaðinn. Ekki dugir að horfa á pennaoddinn eða höndina. Með þessu móti verður línan leikandi létt.

Með boglinum í flúri lærist einnig mýkt og þokki í boglinum stafa.

Persónuleg rithönd

MARKMIÐ skriftarnámsins er að nemendurnir þjálfist í skrift sem nýtist þeim vel í skólastarfinu og í daglegu lífi síðar meir.

Grunnurinn þarf að vera traustur til þess að byggja megi á honum. Forskriftin í bókunum er undirstaða. Ítaliuskraftin býður marga valkosti í þróun á fallettri rithönd.

Með því að hafa gát á nemendum og leiðbeina þeim má afstýra að þeir venjist á rangar aðferðir.

Mikilvægt er að þeir keppist ekki við klukkuna og æfi sig í ró og næði. Best er að námið sé til ánægju og skemmtunar. Æfingin skapar meistarann.

Munið eftir að hrósa barninu þegar vel gengur. Uppörvun er mjög gagnleg

3A og 3B Ítaliuskraft
Kennsluleiðbeiningar
<vefir.nams.is/italiuskraft>
© 2013 Texti, umbrot
og teikningar:
Freyja Bergsveinsdóttir og
Gunnlaugur SE Briem

Ritstjóri: Harpa Pálmadóttir

1. útgáfa 2013
Námshagnastofnun
Kópavogi.


Ítalíuskrift

Kennsluleiðbeiningar

Þessar kennsluleiðbeiningar og fleiri er að finna á vef Námsgagnastofnunar: <vefir.nams.is/italiuskrift>



Viðbótarefni og kennslugögn má sækja á lénið <italiuskrift.com>. T.d.

Krotæfingar og krákustígsæfingar.




Borðrenninga með tengdu og ótengdu lettri, með og án hjálparlína.

Línustrikuð byrjendablöð. Hvort tveggja við hæfi rétthentra og örvhentra. Blöð með hjálparlínunum fyrir skrift í sex stærðum, bæði með hallalínunum og án þeirra.



Rúðustrikuð blöð, með og án hallalína.

Deplastafi sem skrifaðir eru eftir talnaröð.



Forskriftarblöð.



Gangi ykkur vel!